

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

205. FUNDUR.

205. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 11. október árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundargerð 764. fundar undir 1. lið og að fundargerð 134. fundar fræðsluráðs verði tekin af dagskrá fundarins þar sem hún fékk afgreiðslu á 203. fundi sveitarstjórnar þann 6. september sl.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 758. fundar frá 10. september sl. Fundargerð í 6 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 759. fundar frá 17. september sl. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 760. fundar frá 24. september sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 761. fundar frá 1. október sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 762. fundar frá 8. október sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 763. fundar frá 9. október sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 764. fundar frá 9. október sl. Fundargerð í 7 liðum. Fram lögð eftirfarandi tillaga við 6. dagskrárlið:

Í framhaldi af úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á áhrifum af lagningu ljósleiðara frá Blönduvirkjun að spennivirki í Hrutatungu samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að hafna beiðni Orkufjarskipta hf. um lagningu ljósleiðarastrengs á umræddri lagnaleið sem m.a. liggur um votlendi á náttúruminjaskrá. Þrátt fyrir afgreiðslu þessa vill sveitarstjórn Húnaþings vestra vekja athygli Orkufjarskipta hf. á eftirfarandi í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands:

„Náttúrufræðistofnun vill að lokum benda á að stofnunin kannaði lauslega vegalengd fyrir lagningu ljósleiðara ef farið er með hann meðfram vegakerfi landsins, fylgiskjal 4. Hún reyndist álíka löng í heild. Það eru vafalaust kostir og gallar við að fara meðfram vegakerfi landsins en Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort gerður hafi verið samanburður á

Þessum tveimur kostum. Hafi Húnaþing vestra áhuga á að sá möguleiki verði skoðaður liggur það fyrir utan verkefni þessarar greinargerðar. Ef eingöngu er litið til náttúrufars og umhverfislegra þátta, röskun á „ósnortnu“ landi, þá mælir Náttúrfræðistofnun með að ljósleiðarinn verði lagður meðfram vegakerfi landsins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Stefán Böðvarsson situr hjá við afgreiðslu tillögunnar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Félagsmálaráð - Fundargerð 130. fundar frá 26. september sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fræðsluráð - Fundargerð 135. fundar frá 3. október sl. Fundargerð í 4 liðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ósk leikskólastjóra um viðbótartíma fyrir starfsfólk leikskólans vegna vinnu við aðalnámskrá til skoðunar fræðslu- og félagsmálastjóra.“ 1. liður fundargerðarinnar ásamt ofangreindri tillögu borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa tillögu fræðsluráðs um hækkun fjárframlags til stýrihóps um forvarnir til skoðunar fræðslu- og félagsmálastjóra.“ 2. liður fundargerðarinnar ásamt ofangreindri tillögu borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir situr hjá við afgreiðslu 2. dagskrárliðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

4. Menningar- og tómstundaráð - Fundargerð 107. fundar frá 17. september sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Skipulags- og umhverfisráð - Fundargerð 212. fundar frá 6. september sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Skipulags- og umhverfisráð - Fundargerð 213. fundar frá 4. október sl. Fundargerð í 6 liðum. 5. liður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við umræðu og afgreiðslu 5. liðar fundargerðarinnar. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum

6. Skýrsla sveitarstjóra.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri fór yfir helstu störf sín frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 6. september s.l.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:25

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.